

138. löggjafarþing 2009–2010.

Þskj. 575 — 140. mál.

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn Eyglóar Harðardóttur um nema í dreifnámi, fjarnámi og staðnámi.

- Hver er fjöldi fjarnema annars vegar og dreifnema hins vegar? Hver er aldursdreifing þeirra, kyn og búseta?*

Í upplýsingaöflun um fjölda nemenda hefur ekki verið gerður greinarmunur á fjarnámi og dreifnámi. Dreifnemar eru því taldir með fjarnemum í upplýsingum frá Hagstofu Íslands sem ráðuneytið styðst við.

Haustið 2008 voru fjar- og dreifnemar á framhaldsskólastigi 4.782 af 25.590 nemendum samtals. Þar af eru 3.482 nemendur einnig skráðir í dagskóla eða kvöldskóla.

Á háskólastigi stunda 3.340 nemendur fjar- og/eða dreifnám af 18.104 nemendum alls.

Eftirfarandi töflur sýna aldursdreifingu, kyn og búsetu fjarnema.

Aldursdreifing og búseta fjarnema haustið 2008 í framhaldsskóla- og háskólanámi.

Aldursfl.	Fjöldi	Hbsv. Reykja- vík	Hbsv. utan Rvíkur	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Erlendis
<20 ára	1.532	549	401	34	61	35	30	167	93	143	19
20-24 ára	1.423	462	321	108	73	47	24	156	89	114	29
25-29 ára	1.235	410	259	118	70	26	30	133	54	86	49
30-39 ára	1.897	484	420	158	126	57	73	230	115	172	62
40-49 ára	1.333	335	288	119	83	55	50	165	97	124	17
50 ára+	702	227	174	28	54	23	29	78	36	48	5
	8.122	2.467	1.863	565	467	243	236	929	484	687	181

Kyn og búseta fjarnema haustið 2008 í framhaldsskóla- og háskólanámi.

Kyn	Fjöldi	Hbsv. Reykja- vík	Hbsv. utan Rvíkur	Suður- nes	Vestur- land	Vest- firðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Erlendis
Karlar	2.466	856	623	155	102	65	44	296	117	164	44
Konur	5.656	1.611	1.240	410	365	178	192	633	367	523	137
	8.122	2.467	1.863	565	467	243	236	929	484	687	181

- Hver er áætlaður kostnaður á námseiningu hjá staðnemum, dreifnemum og fjarnemum, eftir skólastigum og námsleiðum?*
- Eru greiðslur til skóla fyrir nemendagildi mismunandi eftir því hvort um er að ræða staðnema, dreifnema eða fjarnema?*

Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir að framlag á einingu í framhaldsskólanámi sé að meðaltali um 25.000 kr. Ekki er gerður greinarmunur á framlagi til eininga sem teknar

eru í dagskóla og í fjarnámi. Námsleiðir eru enn fremur margar og ólíkar og hlutfall bók- og verknáms innan þeirra getur verið mjög mismunandi. Því er erfitt að svara spurningunni um kostnað eftir námsleiðum án frekari afmörkunar. Auk þessa er nokkur hreyfing á nemendum á milli námsleiða en reiknilíkan fyrir framhaldsskólann miðar við fjölda þeirra eininga sem nemandinn stundar nám í.

Í reiknilíkani háskóla er gert ráð fyrir ákveðnu framlagi fyrir hvern ársnema þar sem ársnemi er skilgreindur sem nemandi sem þreytir próf í 30 námseiningum (60 ECTS-einingum). Um nokkra reikniflokka er að ræða og því ólíkar greiðslur eftir því um hvaða nám ræðir. Verð á hvern ársnema er frá 501 þús. kr. til 2.650 þús. kr. og er nám á sviði félags- og mannvísinda ódýrast en nám í tannlækningum dýrast. Ekki er gerður greinarmunur á því hvort nemendur eru í staðnámi, dreifnámi eða fjarnámi. Meðalverð á hverjar 30 námseiningar (60 ECTS-einingar) var 751,5 þús. kr. samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2009 en það svarar til 25.050 kr. á hverja námseiningu að meðaltali (hverjar tvær ECTS-einingar). Rétt er að taka fram að landbúnaðarháskólarnir, þ.e. Landbúnaðarháskóli Íslands og Hólaskóli – Háskólinn á Hólum, fá ekki enn framlög samkvæmt reiknilíkani háskóla og því liggja ekki fyrir upplýsingar um kostnað á hverja námseiningu við þá skóla.

Hægt er að sjá lista yfir verðflokkna náms á háskólastigi í frumvarpi til fjárlaga ár hvert, sjá bls. 245 í frumvarpi til fjárlaga 2009 og bls. 250 í frumvarpi til fjárlaga 2010. Í sama kafla fjárlaganna er jafnframt að finna upplýsingar um meðalverðhlutfall en það er birt neðst í töflu sem sýnir fjölda ársnema sem ríkið greiðir eftir skólum og reikniflokkum.

